

Ed. 326. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1974.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingasjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af millipinganefnd, sem kosin var af Alþingi, samkvæmt ályktun þess frá 4. marz 1959 til að athuga á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína.

Í samráði við formann millipinganefndar, frú Ragnhildi Helgadóttur, og við formann Sjómannadagsráðs, herra Pétur Sigurðsson, alþm., var frumvarpinu breytt nokkuð frá því sem það var, þegar það kom frá millipinganefndinni.

Greinargerð nefndarinnar fyrir frumvarpinu er svo hljóðandi:

„Hér er gert ráð fyrir, að framlengd verði heimild dvalarheimilis aldraðra sjómanna til til að reka happdrætti og verkefni happdrættisins verði gert viðtækara en nú er.“